



Stjórnarfundur SKÍ

Fimmtudagur 11. september 2025 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ
- Fundarstjóri:** Sigurður Hauksson (framkvæmdastjóri).
- Fundarritari:** Huguína Elvarsdóttir.
- Þátttakendur:** Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Huguína Elvarsdóttir ritari, Gísli Reynisson gjaldkeri, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþrettaneftndar, Veronika Lagun formaður skíðaskotfimeftndar, og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
- Fjarverandi:** Einar Ólafsson formaður skíðagönguneftndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður

Fundur settur kl. 15.34

Fundardagskrá

1. Fundargerð, fundur 1677
2. Fréttir af nefndum
3. Skrifstofumál
4. TD Riga – Lagt fram til kynningar
5. Skíðaþing 2025
6. EYOF
7. FIS Meeting Zurich
8. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð, fundur 1677
 - a. Samþykkt samhljóða.
2. Fréttir af nefndum
 - a. AGN
 - i. Formaður alpagreinaneftndar fer yfir. Landsiði er úti núna í mikilli hæð og við góðar aðstæður. Góður mórall í liðinu og mikil tilhlökkun fyrir komandi vetri. Mótaröð í Finnlandi í nóvember, svo í Svíþjóð en það er mikil samkeppni um ólympíusæti fram undan. Haukur heldur mjög vel utan um þetta og á virkilega faglegan hátt.
 - b. SBN
 - i. Undirbúningstímabilið í fullum gangi. Fyrsta mót í lok september hjá hluta landsliðsins
 - ii. Eru á belg á fullu og fer að stytast í fyrstu snjóæfingar.
 - iii. Spurning varðandi Ólympíustyrki. Hvað ef viðkomandi nær ekki lágmarkinu?

1. Viðkomandi heldur Ólympíustyrk nema viðkomandi meiðist eða eitthvað þvíumlíkt.

3. Skrifstofumál

- a. Hugmynd að deila skrifstofu með svæðistöðvum íþróttahéraða Norðurlands Eystra þegar starfsmenn SKÍ eru ekki á svæðinu. Tveir starfsmenn á vegum Akureyrarbæjar sem eru skrifstofulausir en þeim langar til þess að vera nær íþróttahreyfingunni. Hugmynd frá Akureyrarbæ sem eru þau sem að skaffa SKÍ skrifstofuhúsnæði að kostnaðarlausu.
- b. Samþykkt samhljóða af mættum stjórnarmönnum. Framkvæmdastjóri SKÍ tekur umræðu áfram við Akureyrarbæ.

4. TD Riga – Lagt fram til kynningar

- a. Þrír að fara til Riga – Einar Þór, Kiddi Magg og Smári. Kiddi Magg er að fá réttindin sín í ár og Einar Þór og Smári eru að endurnýja eða viðhalda réttindum sínum.
- b. Skíðasambandið kostar ferðalagið – flug og gistingu en ekki dagpeninga.
- c. TD fyrir Skíðasambandið – kostaði það á sínum tíma að þessir aðilar færu og tóku réttindin og mikilvægt að því sé haldið áfram svo ekki þurfi að flytja inn TD með tilheyrandi kostnaði o.fl.

5. Starfsmenn á ÓL

- a. Umræða um hvort að stjórnin þurfi að gefa samþykki fyrir því hvaða starfsmenn fara á ÓL. Þurfum að skrá inn flokkstjóra á hvern stað fyrir sig – langt á milli keppnissvæða svo ekki nóg að senda einn aðila fyrir allar greinar í ár.
 - i. Búið að manna skíðagönguna. Vantar einn fyrir konur í alpagreinum, vantar einn fyrir karla í alpagreinum og einn fyrir konur í brettum ef af verður.
- b. Gjaldkeri tekur fram að best væri að framkvæmdastjóri SKÍ og afreksstjóri SKÍ setji saman lista sem er síðan borinn undir stjórn svo hægt sé að veita formlegt samþykki.

6. Skíðaping 2025

- a. Fjárhagsáætlun 2026
 - i. Þarf að vera send út 2 vikum fyrir þing.
 - ii. Lagabreytingar frá skíðagöngunefnd. Snjóþreitin koma inn í áætlunina á mánudaginn.
 - iii. Framkvæmdastjóri óskar eftir aðeins meiri tíma til þess að fara yfir nokkra liði, þ.á.m. sundurliðun tekna.
 1. Samþykkt af mættum stjórnarmeðlimum.
 - iv. Ekki búið að vinna úr áætlun næsta árs og þeim gögnum sem hafa borist.
 - v. Umræða um flokkun sérsambanda vegna Afrekssjóðs ÍSÍ m.v. árangurskvarðann – SKÍ er í afreks sérsambandi flokki 1 en erum líklegast að fara að detta niður í flokk 2. Árangurinn hans Snorra í skíðagöngu hékk inni í 4 ár en núna er það að klárast.
 - vi. Við verðum að taka samtalið við ÍSÍ um hvernig árangurskvarðinn er settur upp. Mjög erfitt að uppfylla þessi skilyrði innan skíðaíþróttarinnar.
 - vii. Umræða um hvort sækja ætti um fyrir hverja nefnd fyrir sig.
 - viii. Gjaldkeri skíðasambandsins býðst til þess að hitta framkvæmdastjóra strax á mánudaginn til þess að fara yfir þetta.
 - ix. Formlegt bréf varðandi fagteymisstyrkinn (sálfræðingur, næringafræðingar, læknir, styrktarþjálfun, fræðsla, sjúkraþjálfari o.fl. sem getur fallið þarna undir) frá 2023 þar sem hann var ekki fullnýttur en samt var hann greiddur fyrr um árið. Við eigum að skila pening til

baka þar sem við nýttum ekki allan styrkinn. 2023 síðasta árið sem styrkurinn var 4 milljónir. Flest sérsambönd samt ekki að nýta styrkinn eða uppfylla skilyrðin og því var ákveðin að breyta styrknum og færa hann niður í 2 milljónir.

- x. Framkvæmdastjóri mun setja sig í samband við ÍSÍ.
- b. Kjörnefnd
 - i. Komin á fullt. Óskað eftir framboðum til stjórnar og upplýsingum um hverjir ætli að sitja áfram. Framkvæmdastjóri SKÍ ætlar að skila þeim upplýsingum til þeirra fyrir 12.9.25.
- c. Lagabreytingar
 - i. Tillaga varðandi aðsetur SKÍ.
 - 1. Stjórn SKÍ kveður á um hvar SKÍ hefur aðsetur og varnarþing til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal við þá ákvörðun hafa að leiðarljósi hagsmuni þeirra sem sækja þjónustu til SKÍ, starfsmannamál og kostnað við rekstur og tekjumöguleika sambandsins.
 - ii. Stjórn leggur þessa tillögu fram til atkvæðagreiðslu á þinginu þar sem starfsmenn SKÍ er búsettir fyrir sunnan núna o.fl.

7. EYOF

- a. Uppgjör
 - i. Ákveðið að gera kostnaðaráætlun og taka við greiðslum fyrirfram frá keppendum þar sem vitað var að reikningurinn kæmi löngu eftir að mótið klárast. Hins vegar stóðs kostnaðaráætlunin ekki vegna vinnubragða ÍSÍ en sem dæmi má nefna að:
 - 1. Allar upplýsingar um farangur voru gefnar upp fyrirfram og tilboð bárust skv. því en síðan voru engir skíðapokar inn í tilboðinu þegar mætt var upp á flugvöll.
 - 2. Allir skíðapokar o.fl. endaði því á að vera borgað sem yfirvigt og því reikningurinn 2 milljónir fyrir skíðapoka og hlutur SKÍ í því 1.6 milljón.
 - 3. Einn strákur missti af fluginu og þá dýrasti miðinn keyptur.
 - 4. Flugðið endaði í 220þ á mann en ekki 170-180þ á mann.
 - ii. SKÍ þarf að senda formlega kvörtun á ÍSÍ vegna þessa efnis og hafna greiðslunni. SKÍ fær inn 3.9 milljónir og reikningurinn hljóðar upp á 5.7 milljónir. 1.7 milljón sem lendir á SKÍ. Síðan kemur í ljós eftir á að ÍSÍ er að styrkja ungmenni á ungmennamót þannig krakkarnir fengu stóran hluta til baka.
 - iii. Útbúa þarf ítarlega samantekt og bréf, stíla það á ÍSÍ og setja framkvæmdastjóra SKÍ undir fyrir hönd stjórnar þar sem allir þættir eru útlistaðir.

8. FIS Meeting Zurich

- a. Formaður og framkvæmdastjóri SKÍ fara. Afreksstjóri SKÍ og formenn skíðagöngu- og snjóbrettanefndar.

9. Önnur mál

- a. N/A.

Fundi slitið kl. 17.07 og næsti fundur er 7. október.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.